

# NORÐURLJÓŠ

Fréttabréf Norðurláls

6. tbl. 9. júlí 2012. Ritstjórar: Trausti Gylfason og Brian D. Marshall. Ábyrgð: Ágúst F. Hafberg. Umsjón: Skessuhorn ehf.

Ritnefnd: Aðalheiður Skarphéðinsdóttir, Ása Birna Viðarsdóttir, Ásmundur Jónsson, Birna Björnsdóttir, Bjarni I. Björnsson og Sverrir Guðmundsson. Myndir: Ása Birna Viðarsdóttir, Þórhallur Ásm. o.fl.

## Nokkur orð frá framkvæmdastjóra

### Góðir samstarfsmenn

Century Aluminum, móðurfélag Norðurláls, hefur fest kaup á rafskautaverksmiðju í Hollandi. Kaupin eru liður í því að tryggja rafskaut til Grundartanga og fyrirhugaðs álvers í Helgukvík. Þetta er gríðarlega spennandi verkefni en verksmiðjunni verður stýrt héðan frá Grundartanga, sem einni af okkar rekstrareiningum. Við erum sumsé komin með okkar eigin rafskautaverksmiðju sem tekur til starfa á næsta ári.

Þegar þetta er skrifað er rúmur mánuður síðan sumarafleysingafólkið kom til starfa. Ég vil nota tækifærið og hrósa því fyrir vel unnin störf, en þeim hefur þessi hópur sinnt af öryggi. Einnig eiga okkar föstu starfsmenn hrós skilið en þeir hafa tekið vel á móti sumarafleysingafólkinu og sinnt því af kostgæfni.

Það er alltaf áskorun að viðhalda framleiðsluáætlunum yfir sumarmánuðina. Til þess að svo megi vera þarf kenningu og þjálfun að vera fyrsta flokks. Þetta hefur gengið mjög vel hjá okkur, eins og sést á gæðum framleiðslunnar. Þá er framleiðslumagn einnig á áætlun. Truflun varð á rekstri reykhræisvirkja í lok maí en greiðlega gekk að koma rekstri þeirra í gott horf að nýju. Það er mikilvægt að hafa í huga að starfsmenn hafa mikil áhrif á umhverfismál. Við lágmörkum áhrif starfseminnar á okkar nánasta umhverfi með réttum vinnubrögðum. Það á því að




vera okkur öllum kappsmál að fylgja stöðluðum, öruggum vinnubrögðum.

Ný aðstaða starfsmanna í steypuskálanum hefur verið tekin í notkun. Með sanni má segja að lengi hafi verið beðið eftir þessari úrbót en okkur er öllum ljóst hversu nauðsynlegt það er að hafa gott afdrep til að tilla sér niður á milli verka. Óska ég starfsmönnum steypuskálan til hamingju með aðstöðuna.

Starfsmönnum okkar óska ég ánægjulegs sumarleyfis. Sumir eyða fríinu heima fyrir en aðrir leggja land undir fót og bið ég þá um að aka varlega, ætla sér góðan tíma á milli staða og flýta sér ekki um of, hafa öryggisbeltin spennt svo að við öll komum heil heim.

**Gunnar Guðlaugsson framkvæmdastjóri**



# Nýrri rafskautaverksmiðju Century í Hollandi stýrt frá Grundartanga

Century Aluminum, móðurfélag Norðuráls, hefur gengið frá samningi um kaup á rafskautaverksmiðju í Hollandi. Gunnar Guðlaugsson framkvæmdastjóri verður þar við stjórnvölinn og stýrir starfsemi frá Grundartanga, enda verður verksmiðjan ein af rekstrareiningum Norðuráls. Gunnar segir stefnt að hágæðaframleiðslu og hagkvæmni. Framleiðslugetan verði 150 þúsund tonn sem ásamt 40 prósentu eignarluta okkar í BHH skautaverksmiðjunni í Kína nægi til að þjónusta álverið á Grundartanga og fyrirhugað álver í Helguvík.

Rafskautaverksmiðjan er staðsett í Vlissingen í Hollandi, um 200 km suðvestur af Amsterdam. Verksmiðjan var í eigu Zeeland Aluminum Company (Zalco) sem varð gjaldþrota í desember á síðasta ári. Kaupverð er 10 milljónir Evra en áætlað er að verja 45 milljónum dollara

í gagngerar endurbætur og endurnýjun. Þriðji aðili festi kaup á álveri Zalco og steypuskála á svæðinu en ekki er stefnt að því að hefja álframleiðslu þar á ný. Viðskiptin eru liður í stefnu Century að



tryggja aðgengi að nauðsynlegu hráefni og framleiðslueiningum og draga úr kostnaði. „Kaupin á verksmiðjunni er mikill akkur fyrir Century og tryggir lykilháefni í nálægð við framleiðslueiningar okkar á Íslandi,“ segir Michael A. Bless, forseti Century Aluminum og CEO. „Verksmiðjan í Hollandi, auk 40 prósentu eignahlutar í Baise Haohai Carbon Co., Ltd., gerir það að verkum að við náum sjálf að framleiða þau rafskaut sem álver okkar á Íslandi þurfa.“ Áætlað er framleiðsla í verksmiðjunni í Hollandi hefjist á sumarmánuðum árið 2013.

## Glæsileg aðstaða í steypuskála

Um Jónsmessuna var formlega tekin í notkun ný, glæsileg aðstaða í steypuskálanum. Framkvæmdir hafa staðið yfir síðasta hálfu árið og er nýja rýmið

mun stærra og vistlegra en það sem fyrir var, 240 fermetrar í stað 165 fermetra. Þar eru skrifstofur fyrir dagvinnufólk og sérrými fyrir vaktstjóra og liðstjóra, auk kaffistofu og

alrýmis með aðgengi að tölvu og vatni. Á myndinni má m.a. sjá Gunnar Guðlaugsson framkvæmdastjóra flytja smá tölu í tilefni opunarinnar.



### AKSTUR DEIGLUBÍLA

1. Áltökutæki eiga alltaf réttinn á áltökugangi en skulu hægja á sér þegar komið er að krossgötum
2. Höfum í huga að vagnarnir eru breiðari en dráttarbilarnir – of krappar beygjur geta skemmt beislið
3. Munum að setja deiglułokið niður áður en ekið er af stað
4. Drepum á bílnum þegar hann er kyrrstæður
5. Virðum hámarkshraða og stöðvunarskyldur

# „Ég er ekki mikið samkvæmisljón“

**M**eðal glaðbeittra starfsmanna Norðurláls er Konráð Jóhann Brynjarsson sem starfar á b-vakt í kerskála. Konráð er Borgnesingur en hefur síðustu misserin búið á Bifröst og keyrir þaðan á vaktir á Grundartanga. Hann er Borgfirðingur að ætt og uppruna en ættir hans teygja sig einnig norður á Strandir. Konráð er stúdent frá Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi en hann hóf störf hjá Norðurláli í lok janúar 2009, þá í kerfóðrun. Hann byrjaði síðan í kerskalanum um haustið, skömmu eftir réttirnar, að eign sögn. „Ég hef kunnað ágætlega við mig hjá Norðurláli. Ég hef notið þeirra forréttinda að vinna eins fjölbreytt störf og hægt hefur verið. Það hentar mér vel þar sem ég er lítið fyrir endurtekningar og færibandavinnu,“ segir Konráð. En er hann duglegur að taka þátt í félagslífi starfsmanna? „Ég er ekki mikið samkvæmisljón en mæti á þessar helstu skemmtanir, eins og árshátíð, jólahlaðborð og slíkt. Flest annað læt ég fram hjá mér fara, enda hefur áhuginn færst frekar yfir á fjölskylduvænni skemmtanir. Sem fjölskyldumanni hentar það mér ekki að keyra langt á skemmtanir,“ segir Konráð, en kona hans er Kolbrún Freyja Þórarinsdóttir og starfar hún á leikskólanum Hraunborg á Bifröst. Saman eiga þau fimm ára dóttur og annað barn er á leiðinni.

## Dundar í sveitinni

Hvernig ver svo Konráð Jóhann frítímanum, á hann einhver áhugamál? „Ég er að sjálfsgöðu talsvert með fjölskyldunni. Á þessum árstíma er náttúrulega mjög gaman að vera úti við og njóta fallegs umhverfis á Bifröst, dunda í garðinum og rölta um nágrennið. Það er fátt hægt að hugsa sér betra en að fara út með sláttuvélina. Yfir sumarið sinni ég lítið helsta áhugamáli mínu sem er bóklestur. Ég hef aðhyllst bókmenntir sem upp á ensku eru kallaðar fantasíur. Bækur í ætt við Hringadróttinssögu en í mínum bókaskáp má finna mikið að slíkum bókum,



gjarnan á ensku. Ég hef líka gert töluvert af því um tíðina að setja saman vísur og á orðið smá safn af þeim. Þær koma helst þegar maður verður vitni að einhverju skemmtilegu. Reyndar hef ég upp á síðkastið verið að kynna mér trúarbragðafræði. Ég hef gaman af því að velta fyrir mér andlegum málefnum, þá ekki

endilega bara tengdum trúarbrögðum heldur heimspeki og þvíumlíku. Svo hefur körfubolti átt stórt pláss hjá mér í gegnum tíðina. Meðal annars var ég dómari í níu ár, en ég hætti því eftir að áhuginn fór að dvína. Núna læt ég mér nægja að fylgjast með helstu úrslitum og þá helst mínu liði, Skallagrími.”

## Umferðaráttak starfsmanna Norðurláls

Fram til 16. ágúst stendur yfir umferðaráttak starfsmanna Norðurláls. Löggö er áhersla á merkingar gönguleiða og aðskilnað akandi og gangandi vegfarenda. Við hvetjum alla starfsmenn til að kynna sér öryggisreglur okkar og fylgja þeim. Öryggisreglurnar eru víða aðgengilegar á athafnasvæðinu. Þegar hefur verið skerpt á merkingum gönguleiða og aukamerkingum hefur tímabundið verið komið upp. Þetta er gert til að auka vitund starfsmanna á helstu hættum þar sem farartæki og gangandi umferð blandast. Ekki má gleyma happdrættinu í tengslum við

umferðaráttakið en vinningurinn er glæsilegt Trek-Gary Fisher reiðhjól að verðmæti kr. 100.000.- Afar einfalt er að taka þátt í happdrættinu. Það eina sem þarf að gera er að fylla út getraunaseðil í samræmi við öryggisreglurnar sem tengjast umferðamálum og skila inn til öryggisdeildarinnar með nafni/ starfsmannanúmeri og deild/vakt, þegar farið er í hádegismat. Rétt útfyllt seðlar fara í pott og einn heppinn starfsmaður hlýtur reiðhjólið. Að auki verða nokkrir aukavinningar. Ertu ekki örugglega með reglurnar á hreinu?

*Trausti Gylfason Öryggisstjóri*

## Almennt um farartæki

1. Veljum akstursleiðir með tilliti til aðstæðna
2. Þegar ekið er í gegnum vinnusvæði annarra þarf að fá leyfi viðkomandi til að keyra í gegn. **Heimild er staðfest með handahreyfingu**
3. Farartæki á þvergöngum skulu hægja á og stöðva fyrir umferð á áltökugöngum
4. Virðum akstursljós við akstursdyr  
**Rautt** = stöðvunarskylda  
**Grænt** = akstursleyfi veitt
5. Leggjum ökutækjum ekki á merktar gönguleiðir
6. Virðum hámarkshraða og stöðvunarskyldur – **Notum beltin!**



# Hlutverk velferðarnefndar

## Velferð

Norðurál leggur mikið upp úr sterkri liðsheild og jákvæðum starfsanda. Til þess að það náist er mikilvægt að starfsfólk umgangist hvert annað af virðingu og umburðarlyndi og að einelti og kynferðisleg áreitni séu ekki látin viðgangast.

## Samábyrgð

Til þess að skapa jákvætt og uppbyggilegt starfsumhverfi þurfa allir starfsmenn að leggja sitt af mörkum. Einelti og áreitni eru flókin í eðli sínu og byggja fyrst og fremst á skynjun einstaklinga á framkomu annarra gagnvart þeim.

## Aðgát skal höfð í nærveru sálar

Ýmis dæmi eru um að það sem einum finnst sniðugt finnst öðrum óviðeigandi og óþægilegt. Það er því hvers og eins að meta hvaða framkomu hann umber og láta vita sé honum misboðið. Að sama skapi þurfum við að vera meðvituð um að fólk getur upplifað hegðun okkar og orð á mismunandi hátt.

## Fyrirbyggjandi

Norðurál leggur áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir til að stuðla að vellíðan starfsmanna og sterkari liðsheild.

## Ég er ósáttur!

Ef þú ert ósátt/ur við hegðun einhvers í þinn garð er fyrsta skrefið að ræða málið við viðkomandi og benda honum á hvað þú ert ósátt/ur við.

## Hvert get ég leitað?

Ef þér líður ekki vel í vinnunni er mikilvægt að ræða líðan þína við einhvern sem þú treystir, t.d. næsta yfirmann, öryggistrúnaðarmann eða velferðarnefnd.

## Hlutverk velferðarnefndar

- Að vera til taks fyrir starfsmenn sem vilja ræða mál sem tengjast velferð og vellíðan þeirra á vinnustað og gætu t.d. tengst einelti og kynferðislegri áreitni.
- Að taka á móti tilkynningum um einelti og

kynferðislega áreitni, rannsaka málin og vinna að lausn þeirra.

- Vera vakandi fyrir bættri velferð starfsmanna. Koma með tillögur um endurskoðun reglna, fræðslu eða aðrar tillögur til að stuðla að aukinni starfsánægju og jákvæðara starfsumhverfi Norðuráls.

## Í velferðarnefnd eru:

Adam B. Finnsson, viðhaldssvið, 664-8540, adam@nordural.is  
Anna Þórðardóttir, steypuskáli (dagvakt), 617-4877, anna@nordural.is  
Brian Daniel Marshall, mannauðssvið, 664-8570, brian@nordural.is  
Helgi Björn Hjaltsted, kerskáli (D-vakt), 694-1039, [hbjalt@simnet.is](mailto:hbjalt@simnet.is)  
Sigurður B. Sigurðsson, steypuskáli (A-vakt), 845-8969, [siggibach@internet.is](mailto:siggibach@internet.is)  
Svava Hrund Einarsdóttir, kerskáli (dagvakt), 664-8579, svava@nordural.is

## Gangandi vegfarendur

1. Notum gangbrautir og merktar gönguleiðir þar sem því verður við komið
2. Notum inn- og útgönguhurðir fyrir gangandi umferð
3. Lítum til beggja hliða áður en farið er yfir akstursleið – náum augnsambandi við stjórnendur farartækja og fylgjum því eftir með handahreyfingu
4. Notum **ELAS ganga** þegar farið er á milli vinnusvæða í kerskála
5. Höldum merktum gönguleiðum hreinum og ótepptum



# Grilldagur



# Forsetahjónin í heimsókn

Frambjóðendur í nýafstöðnum forsetakosningum lögðu kapp á að heimsækja fjölmenna vinnustaði. Þáverandi og núverandi forsetahjón á Bessastöðum, Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff, heimsóttu starfsmenn Norðuráls og áttu gott spjall við þá meðan þeir snæddu hádegismatinn. Ekki er vitað hversu miklum árangri þessi heimsókn skilaði Ólafi Ragnari í endurkjöri hans til forseta, þar sem hann hlaut ríflega helming greiddra atkvæða.



# Ánægðir þátttakendur á Norðurálsmóti

Veðurguðirnir léku við gesti á Norðurálsmótinu sem fram fór á Akranesi 15.-17. júní og heppnaðist einstaklega vel. Það voru ánægðir gestir sem kvöddu bæinn að mótinu loknu. Þórður Guðjónsson mótsstjóri segir að framkvæmd mótsins sé farin að ganga eins og vel smurð vél. Það sé ekki síst fjöldi foreldra og sjálfboðaliða að þakka. „Þeirra starf er í raun ómetanlegt. Jákvæðni þeirra og gestrisni gera það að verkum að mótið er orðið umtalað m.a. fyrir góða skipulagningu,“ segir Þórður.

Norðurál var eins og síðustu ár aðalstyrktaraðili þessa fjölmenna knattspyrnumóts, sem er eins og áður eitt glæsilegasta og vinsælasta pollamót landsins. Mótið er fyrir 7. flokk, eða 7-8 ára. Fjöldi félaga sem sendu lið til keppni að þessu sinni voru 27 og hafa aldrei verið fleiri. 136 lið

mættu til keppni og var fjöldi knattspyrnufólks á Norðurálsmóti því hátt í 1200.

Um 600 leikir voru spilaðir á 18 völlum samtímis. Eftir keppni á föstudeginum var liðunum skipt upp í deildir eftir styrkleika, í íslensku deildina, ensku, þýsku og spænsku. Við mótslit fengu allir þátttakendur verðlaunapening, enda allir sigurvegarar. Að auki fengu liðin sem flest stig hlutu bikar. Félag mótsins að þessu sinni var Ungmennafélagið Selfoss og háttvísisverðlaunin komu í hlut Fram.

Mikil vinna er í kringum framkvæmd Norðurálsmótsins og mæðir hún á uppeldisviði Knattspyrnufélags ÍA. Verkstjórnarnir eru þrjátíu og þeim til halds og trausts eru fulltrúar foreldrafélaga yngri flokkanna. Að sögn Þórðar mótsstjóra koma á áttunda hundrað manns að framkvæmd mótsins.





# Golfið í sumar

Golfsumarið er hafið hjá Golfklúbbi starfsmannafélags Norðurlá, GONA. Í sumar eru þrjú innanfélagsmót auk hins árlega Stóriðjumóts. Stigameistari GONA verður sá sem hefur hæsta samanlagðan punktafjölda úr tveimur mótum. Tvö mótanna eru afstaðin en annars er mótaskráin þannig:  
8. júní, Hólmsvöllur í Leiru, GONA mót  
22. júní, Hólmsvöllur í Leiru, Stóriðjumótið  
10. ágúst, Glanni Norðurlárdal, GONA mót  
31. ágúst, Garðavöllur, GONA mót

Til að örva áhuga starfsmanna á golfþróttinni hefur verið ákveðið að hafa ekkert árgjald fyrir árið 2012. Eina skilyrðið að starfsmenn séu í starfsmannafélaginu. Hér eru úrslit úr fyrsta mótinu sem fram fór á Hólmsvelli í Leirunni 8. júní.

## Röð 10 efstu manna:

<b>Gunnar Bjarnason</b>	40 pkt.
<b>Ólafur Arnar Friðriksson</b>	40 pkt
<b>Sigurður Hrafn Smárason</b>	37 pkt
<b>Pröstur Vilhjálmsson</b>	37 pkt
<b>Búi Vífilsson</b>	37 pkt
<b>Aron Bjarni Kristinsson</b>	37 pkt
<b>Sigurbjörg Jenný Sigurðardóttir</b>	36 pkt
<b>Reynir Ingimarsson</b>	35 pkt
<b>Guðjón Viðar Guðjónsson</b>	34 pkt
<b>Búi Gíslason</b>	33 pkt

Búi var næstur holu á 16. braut, 142 cm.

Föstudaginn 22. júní sl. fór Stóriðjumótið fram á Hólmsvelli í Leiru í miklu blíðskaparveðri. Að venju sendu ÍSAL, Norðurlá og Íslenska Járnblendifélagið sveitir til leiks og nú bar svo



**Verðlaunaafhending; Ólafur Friðriksson, Sigurður Hrafn Smárason og Gunnar Bjarnason ásamt Guðjóni Viðari Guðjónssyni sem afhenti verðlaunin.**

skemmtilega við að Alcoa sendi sveit í mótið í fyrsta skipti. Þátttakendur á mótinu voru um 50, þar af 13 frá Norðurlá. Bæði sveita- og einstaklingskeppnin var gríðarlega jöfn og spennandi. Fóru leikar þannig í sveitakeppninni að sveitir Járnblendifélagsins skipuðu fyrsta og þriðja sætið en á milli þeirra í öðru sæti varð sveit ÍSAL. Sigursveitin var með 111 punkta, annað sætið með 109 punkta og það þriðja með 108 punkta.

Í einstaklingskeppninni sigraði Hrafn Hrafnsson frá ÍSAL á 41 punkti, í öðru sæti varð sá Norðurlámsmaður sem spilaði langbest okkar manna, en það var Páll Sigvaldason og var hann með 40 punkta. Í þriðja sæti varð svo Hallgrímur Kvaran frá Járnblendifélaginu með 39 punkta. Norðurlá krækti sér í ein nándarverðlaun. Það

gerði Einar Benediktsson sem var 3,45 m frá holu á 16. braut. Einnig voru veitt verðlaun fyrir útdregin skorkort og þeim sópaði Norðurlá að sér. Lauslega áætlað, féllu 70% þeirra vinninga í okkar hlut. Frábær dagur í Leirunni og er það á hendi okkar Norðurlásmanna að halda Stóriðjumótið að ári.

## Styrktarsamningar

Norðurlá hefur um tíðina lagt góðum málefnum lið í samfélaginu, ekki síst með stuðningi við Íþrótt- og æskulýðsstarf. Eitt af þeim verkefnum eru styrktarsamningar við golfklúbba í nærsamfélagi Norðurlá, aðallega á Akranesi, í Borgarnesi og á Suðurnesjum. Í styrktarsamningum við golfklúbba er kveðið á um að Norðurlá, eða starfsmenn Norðurlá og gestir þeirra, geti leikið á völlum þessara golfklúbba án endurgjalds að einhverju leyti. Á hverjum velli er möguleiki á ákveðnum fjölda hringja yfir sumarið. Þeir sem hafa áhuga á að nýta sér að spila, geta skráð sig á dagsetningar á völdum velli hjá stjórn Golfklúbbs Norðurlá, sem mun annast miðlun og utunumhald frihringja. Þar sem að um takmarkaðan hringjafjölda er að ræða á hverjum velli, verður stuðst við fyrirkomulagið, „fyrstur kemur, fyrstur fær“.

Möguleg nýting er að sjálfsögðu háð því að spílatímar séu lausir á viðkomandi velli. Með von um að starfsmenn geti notfært sér hlunnindi samninganna og að þeir sem ekki eru nú þegar smitaðir af golfbakteríunni, noti tækifærið og kynni sér þessa heilbrigðu afþreyingu. Frekari upplýsingar veita meðlimir í stjórn GONA. Stjórn GONA: Bjarni Ólafsson, Guðjón Viðar Guðjónsson og Pétur Ottesen.



**Vilhelm Jónsson vaktstjóri A-vaktar steypuskála að slá af teig.**

**Pétur Ottesen**



# C-vaktin í skottúr til Frankfurt

Föstudagsmorguninn 4. maí, eftir næturvakt, brunaði C-vaktin til Keflavíkurflugvallar. Ferðinni var heitið til Frankfurt í Þýskalandi, meðal annars til að skoða verksmiðjuna sem framleiðir Linde lyftara. Þetta var skottúr. Óhætt er að segja að sólarhringurinn hafi verið mjög langur hjá þeim sem ekki náðu smá krúu í fluginu út. Skoðuð var hönnun og framleiðsla Linde lyftaranna, farið yfir stöðu þeirra á samkeppnismarkaði og séreinkenni lyftaranna eins og t.d. „double paddle system“ athuguð. Á laugardeginum var vaknað snemma og morgunmat skellt í sig. Þá var lagt af stað í hörku göngutúr um borgina með engum öðrum en Þresti og Elíasi sem leiddu hjörðina eins og sauðhirðar. Skoðuð var menning og byggingar. Á sunnudeginum skellti hópurinn sér svo í ferjuferð. Ágætt var í sjóinn þannig að enginn skilaði morgunmatnum. Um



Línurnar lagðar fyrir göngutúrinn mikla um borgina.

kvöldið fór hópurinn svo út að borða á fínt veitingahús. Óhætt er að segja að nokkur belti hafi verið losuð eftir þá máltíð. Á

mánudagsmorgni var síðan flogið heim til gamla góða Íslands.

**Sigurður Guðmundsson kerskála**

## Frá Veiðifélagi Norðurláls

Starfsmannafélag Norðurláls gerir starfsmönnum fyrirtækisins kleift að stunda stangveiði í þremur stöðuvötnum innan seilingar frá Grundartanga. Tvö vatnanna eru á Heydalsleið upp af Hnappadal, Svínavatn og Oddastaðavatn. Veiðin þar hefur verið ágæt að venju, töluvert veiðst af vænum urriða í Svínavatni. Þriðja vatnið er Hólmavatn upp af Hvítársíðu. Veiði hófst þar með látum laugardaginn 23. júní sl. Margir vænir silungar voru dregnir á land. Flestir



Góður morgunafli úr Hólmavatni.

tóku maðk en nokkrir veiddust á flugu. Veiðileyfa í vötnin þrjú er hægt að vitja á lagernum en mikil ásókn hefur verið í þessi vötn undanfarin

ár. Vinsælt er að fara með alla fjölskylduna, njóta útiverunnar og eiga góðan dag í góðum félagsskap á vatnsbakkanum. Ekki sakar ef einum og einum sporði er landað.

Forsvarsmenn Veiðifélags Norðurláls hvetja þá sem veiða í þessum vötnum að ganga vel um. Ekki skilja eftir rusl, girni eða annað sem gæti spillt náttúrunni. Skilja ekkert eftir nema sporin sín. Stigið létt til jarðar!

**Trausti Gylfason**

## Tilkynning frá mótuneytinu

Kæra samstarfsfólk Norðurláls leggur áherslu á hreysti og heilsuefingu og hvetjum við starfsfólk okkar til að ástunda heilsusamlegt lífni. Fjölbreytni og hollusta einkenna þær máltíðir sem boðið er upp á og í anda þessa hældum við Heilsuárið í fyrra. Á þessu ári höfum við haldið áfram með umfjöllun og hvatningu til heilsuefingar. Í mótuneyti höfum við verið að bæta úrvalið af salötum og gæði þeirrar matvöru sem keypt er inn. Einnig erum við að aðlaga úrval þess sem í boði er á kaffistofum til að uppfylla betur stefnu okkar í að bjóða upp á hollara nesti.



Markmiðið með þessum er að tryggja starfsfólki aðgengi að góðu nesti eða millimáli sem gefur okkur heilsusamlega orku. Á næstu mánuðum viljum við halda áfram á þessari braut. Það væri því mjög gaman að heyra ef þið hafið hugmyndir að því hvernig við getum enn frekar stuðlað að hollu mataræði. Endilega komið að máli við starfsfólk mótuneytisins eða sendið okkur línu.

**Karl Davíðsson**  
Deildarstjóri mótuneytis og ræstinga

## Spurning dagsins

Á að fara í útilegu í sumar?

# Jafningjafræðsla

Miðvikudaginn 30. maí kom stór hluti starfsmanna skautsmiðjunnar saman í Fjölbrotaskóla Vesturlands á Akranesi og átti góðan dag. Hópurinn byrjaði á að snæða saman morgunmat í sal FVA áður en honum var skipt upp í tvo hópa. Annar hópurinn byrjaði á að fara á námskeið í skyndihjálpu hjá Rauða krossinum á meðan hinn fór á Dale Carnegie námskeið. Í hádeginu var snæddur léttur hádegisverður og svo skiptu hóparnir um hlutverk. Virkilega góður dagur þar sem allir skemmtu sér hið besta.

*Sverrir Guðmundsson*



**Karitas Jónsdóttir umhverfis- og verkfræðideild:**

Já, á Þórisstaði með sviðinu.



**Pétur Jóhannsson A-vakt:** Já, örugglega norður á Akureyri.



**Árný Lára Sigurðardóttir A-vakt:** Nei, ég hef ekki tíma.



**Egill Guðvarður Guðlaugsson kerfóðrun:** Já, á Þjóðhátíð í Eyjum í fyrsta skipti.



**Guðmundur Svanberg Sveinsson kerfóðrun:** Ég fer í eina útilegu, en það er ekki alveg á hreinu hvert.

## Hver er?

**Nafn:** Gunnar Birgir Ólafsson.

**Starf:** Vélvirkni í skautsmiðju.

**Fæðingarstaður, -dagur:** Akranes, 28. október 1975.

**Fjölskylduhagur:** Giftur Þóreyju Einarsdóttir og saman eigum við tvö börn þau Magneu Rós 13 ára og Daníel Þór 10 ára.

**Hvenær byrjaðir þú hjá Norðuráli?** 16. apríl 2003.

**Það skemmtilegasta fyrir utan vinnuna?** Skemmtilegast? Ég veit það nú ekki alveg. Ég eyði nær öllum mínum frítíma í að dytta að húsinu. Ég er ekki fyrr búinn með eitthvað en ég er byrjaður á einhverju öðru, hvort sem það er að bæta eða breyta.

**Aðaláhugamálið?** Ætli það sé ekki eitthvað mótortengt, byrjaði

í jeppamennskunni og fór þaðan í vélsleðasportið. Núna í dag er ég með mótorhjól.

**Uppáhalds matur?** Vel heppnuð piparsteik.

**Uppáhalds drykkur?** Coca Cola.

**Ertu hjátrúafull/ur?** Já ætli það ekki.

**Hvaða persónu í mannkynssögunni vildir þú helst hitta?** Pass.

**Uppáhalds sjónvarpsefni?** Síðasta vetur voru föstudagskvöldin frátekin fyrir Idolið.

**Besta bókinn sem þú hefur lesið?** Ég hef nú ekki opnað bók síðan minni skólagöngu lauk fyrir 15 árum.

**Hvaða hljómsveit eða söngvara heldur þú mest upp á?** Sálin hans Jóns míns stendur alltaf fyrir sínu.

**Uppáhalds íþrótt eða hreyfing?**



Íþróttamaður er ég nú ekki en uppáhaldshreyfingin er klárlega smalamennska á haustin.

**Lýstu þér í þremur orðum?** Gull af manni.

**Fallegasti staður á Íslandi?** Vestfirðir. Til hvaða lands langar þig mest að ferðast? Grikklands.

**Framtíðarplön?** Vera réttu megin í lífinu. Ferðast meira og sjá nýja staði.

## Málhornið

### Tögl og hagldir

Orðtök úr atvinnulífi landsmanna hafa verið notuð um aldir. Með breyttu vinnulagi og tækni tyna sum þeirra tölunni, hlutir úreldest, hverfa úr notkun og þar með úr daglegu máli. Fólk þekkir ekki vinnulag og athafnir sem fyrrum voru flestum tamar. Nú tímamenn eiga erfitt með að skilja myndlíkingar sem af þeim eru dregnar. Þær heyra stundum æ sjaldnar en aðrar koma í þeirra stað. Sem dæmi má nefna orðatiltekið að hafa bæði tögl og hagldir á einhverju. Það merkir að hafa öll ráð í hendi sér, yfirburðastöðu í einhverju máli. Atvinnurekendur hafa bæði tögl og hagldir í samningum við

launamenn, ríkisstjórnin hefur tögl og hagldir í kvótamálinu. En hvað eru tögl og hagldir? Fyrir daga heylutningsvagna og rúllutækni var hey þurrkað á velli, því síðan rakað í garða og það bundið í bagga. Böggumunum lyft á klakka, standa, sitt hvorum megin á klyfbera, trégrind sem lögð var á burðarklár, reiðingur hafður undir og klárinn teymdur að heystæði eða hlöðu. Þessi vinnubrögð heyrna nú sögunni til og ekki von að borgarbörn taki sér í munn nöfn á hlutum sem þau hafa aldrei séð. Flestir þekja tagl á hesti en færri vita að úr taglhárnum (hrosshárinu) voru fléttuð reipi sem notuð voru m.a. til að binda hey. Höglid eru hins

vegar hornhringur eða trébútur með gati eða götum til að draga reiptagl gegnum þegar bundinn er baggi. Oftast unnu tveir að heybandi. Annar hélt um reipið (töglin) við hagldirnar og gætti þess að það rynnir ekki til baka þegar sá sem hafði reipisendana í höndum sér (bindingsmaðurinn) herti að. Þegar aðeins einn batt hafði hann hendur bæði á töglum og höglum. Af því er orðatiltekið komið. Nú er sagt um menn sem þykjast hafa allt sitt á hreinu, búnir að tryggja sig bak og fyrir að þeir séu bæði með axlabönd og belti. Þeir ættu ekki að missa niður um sig buxurnar!

*Trausti Gylfason*

# Útileguferð á Þórisstaði

Ár liðseldar er hvati að skemmtilegum upptökum í og utan vinnu. Umhverfis- og verkfræðisviðið fór saman í fjölskylduútilegu á Þórisstaði í júní og var ferðin ákaflega vel heppnuð. Bátur starfsmannafélagsins var með í för og óspart notaður til veiða og skemmtisiglinga á Þórisstaðavatni. Yngri kynslóðinni var fylgt í húsdýragarðinn við mikla lukku, einhverjir tóku hring á golfvöllinum og svo var fjölmennt í sund á Hlöðum. Eftir viðburðaríkan dag var svo grill og gaman fram eftir kvöldi.

*Ása Birna Viðarsdóttir*



**SUMARHÁTÍÐ Á HELLISHÖLUM 20-22 JÚLÍ**

VEIÐI, LEIÐIR, GLEÐI, STUÐ, SÖL, HÓPEFLI, HOPPUKASTALAR, GOLF, YGGI, PYLSUR

**Viltu leigja sumarhús á Hellishöllum?**  
 Skráning á lager frá 11. 28 júní

Leiguverð yfir helgina

- 15 m<sup>2</sup> hús kr 8.000,-
- 20 m<sup>2</sup> hús kr 10.000,-
- 40 m<sup>2</sup> hús kr 15.000,-

Þeir sem hafa eigið fellhúsi, jövuulífs og að skrá flöðu þannig að hægt sé að sækja matinn. Skráning á lager í síma 6969-565

með tjald eða eru heðnir

ÖLLUM ER HEIMILT AÐ TAKA MEÐ SÉR GESTI EN ÞEIR VERDA RUKKAÐIR SÉRSTAKLEGA OG FÁ PÁ ARMBAND SEM VEITIR FULLAN ADGANG AÐ HÁTÍÐINI. BÖRNIN FÁ FRÍTT.



## Verkfræðistofa Suðurnesja annast byggingareftirlit


Um miðjan febrúar sl. tók Verkfræðistofa Suðurnesja við byggingareftirliti álversins í Helguvík. Verkfræðistofan var stofnuð 2. febrúar 1980 og er því 32 ára á þessu ári. Stofan sem er í félagi ráðgjafaverkfræðinga, FRV, er staðsett að Víkurbraut 13, Reykjanesbæ. Meginstarfssvið verkfræðistofunnar er alhliða ráðgjöf á sviði byggingarverkfræði, útlitshönnunar, verkefnisstjórnunar, hönnunarstjórnunar, umhverfis,-veitu- og þéttbýlistækni og skipulagsáætlanagerðar. Helstu verkefni stofunnar hafa verið á þessu sviði. Þá hefur stofa tekið að sér ýmis önnur verkefni fyrir sveitarfélög, fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga, eins og tilboðsgerð, mælingar og fleira.



Emil Birgir Hallgrímsson, Sigurður Kristófersson og Ingimundur Guðnason.

- Ron Curry lét af störfum hjá Norðuráli í byrjun maí.
- Byrjað var að klæða veggi kerskálanna í lok maí. Hefur vinna við klæðingu gengið mjög vel. Búið er að klæða um 90%.
- Áætlað er að byrja á þakklæðningu um miðjan júlí.
- Vinna við lagningu frárennslislagna heldur áfram.

## Öryggishornið



### STJÓRNUN LYFTARA

1. Lyftarar hafa öðruvísi hreyfingar en t.d. bifreiðar þegar beygja er tekin - afturendi sveiflast á miklum hraða
2. Förum varlega því útsýni úr lyftara er takmarkað m.a. vegna gálga og farms á göfflum
3. Gafflar skulu vera í 15 cm hæð þegar ekið er án fargs
4. Hraðinn er mögulega meiri en þú heldur og plássíð minna en þér sýnist
5. Hámarks hraði með farg á göfflum er 6 km/klst.

### AKSTUR DEIGLUBÍLA

1. Áltökutæki eiga alltaf réttinn á áltökugangi en skulu hægja á sér þegar komið er að krossgötum
2. Höfum í huga að vagnarnir eru breiðari en dráttarbilarnir - of krappar beygjur geta skemmt beislið
3. Munum að setja deigluðekið niður áður en ekið er af stað
4. Dreppum á bílunum þegar hann er kyrrstædur
5. Virðum hámarks hraða og stöðvunarskyldur

### ALMENNT UM FARARTÆKI

1. Veljum akstursleiðir með tilliti til aðstæðna
2. Þegar ekið er í gegnum vinnusvæði annarra þarf að fá leyfi viðkomandi til að keyra í gegn. **Heimild er staðfest með handahreyfingu**
3. Farartæki á þvergöngum skulu hægja á og stöðva fyrir umferð á áltökugöngum
4. Virðum akstursljós við akstursdyr  
**Rautt** = stöðvunarskylda  
**Grænt** = akstursleyfi veitt
5. Leggjum ökutækjum ekki á merktar gönguleiðir
6. Virðum hámarks hraða og stöðvunarskyldur - **Notum beltin!**

### GANGANDI VEGFARENDUR

1. Notum gangbrautir og merktar gönguleiðir þar sem því verður við komið
2. Notum inn- og útgönguhúðir fyrir gangandi umferð
3. Lífum til beggja hliða áður en farið er yfir akstursleið - náum augnsambandi við stjórnendur farartækja og fylgjum því eftir með handahreyfingu
4. Notum **ELAS ganga** þegar farið er á milli vinnusvæða í kerskála
5. Höldum merktum gönguleiðum hreinum og ótepptum